

**Nr. 048 / 14 Ása ÍS 132****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6908  
Smíðaður: Hafnarfirði 1981 plast  
Stærð: 5,21brl. 5,50bt.  
Mesta lengd: 8,94 m Skráð lengd: 8,46 m  
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,32 m  
Vél: Ynamar 140 kW 1997  
Fjöldi skipverja: 2



Ása©NN

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 22. maí 2014 var Ása ÍS 132 á siglingu um 2 sml NV af Dritvík. Veður: Hægviðri.

Á siglingunni urðu skipverjar varir við gangtruflanir í vélinni en eftir að skipt var um síur gekk siglingin eðlilega um skamma stund en svo sótti í fyrra horf. Þegar olían var skoðuð kom í ljós að mikil óhreinindi voru í henni og kallaði skipstjóri eftir aðstoð. Kári II SH 219 kom Ásu til aðstoðar en Björgunarskipið Björg var kölluð út og tók við drættinum inn til Rifshafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að verið var að sigla bátnum frá Sandgerði til Bolungarvíkur af nýjum eiganda. Farið var úr höfn daginn áður en þá var talsverð alda með tilheyrandi veltingi og þegar komið var skammt út í Miðnessjó byrjaði að bera á gangtruflunum. Var þá snúið aftur til hafnar þar sem skipt var um allar síur, bæði forsíur og fínsíur, en ekki kannað ástand og innihald í birgðageymi;
- að skipstjóri sagði að báturinn hefði verið búinn að liggja í nokkurn tíma áður en hann keypti bátinn. Hann hafi verið búinn daginn áður að keyra vélina í um klukkutíma. Honum hafði verið sagt að olútankurinn væru fullur enda sýndi olúmælirinn það en þegar leið á siglinguna breyttist staða hans ekkert. Þegar komið var norður undir Snæfellsnes fór að bera á gangtruflunum og stífluðust síurnar alveg þegar báturinn var um þrjár sml. NV af Dritvíkurtöngum;

- að olútankurinn var botntankur undir gólfi stýrishúss og sagði skipstjóri að þegar hann var opnaður, í Rifshöfn, hafi verið lítil olía í tanknum þrátt fyrir að olúmælirinn sýndi hann fullan. Mikill óhreinindi eða gróður var í botni, þiljum og milliþiljum tanksins. Hann hafi þá hreinsað tankinn og um leið og hann fyllti hann hafi hann sett gerileyðandi efni með olúnni. Skipstjóri sagðist hafa keyrt vélina um nokkurn tíma á gömlu síunum áður en hann setti nýjar;
- að skipstjóri taldi sig hafa gert mistök í því að trúá fullyrðingum um fullan olútank. Hann hefði átt, fyrir brottför, að mæla sjálfur olúmagnið með því að renna mælistiku niður um áfyllingastútinn.

### ***Nefndarálit:***

Orsök atviksins var bakteríugróður sem myndast eftir að vatn kemst í olúna.

### ***Sérstök ábending:***

Vegna tíðra atvika af þessum toga vill nefndin benda sjómönnum á grein eftir Guðmund Einarssom sem ber heitið „Fróðleikur Örverur í brennsluolíu“ á eftirfarandi vefslóð: <http://notendur.snerpa.is/gudmund/bakteriur1.html>